

Ávarp forstöðumanns	2
Yfirlit yfir starfsemi Rannís	4
Samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísindastefnu	5
Tækifæri fyrir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag á innlendum vettvangi – umsýsla samkeppnissjóða	9
Tækifæri fyrir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag á erlendum vettvangi – alþjóðasamstarf	12
Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan.	16
Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs	10
Hagtölur rannsókna og þróunar	20
Útgjöld til rannsókna og þróunar	20
Samanburður á hlutfalli útgjalda til rannsókna og þróunar.	21
Rannsóknarkerfi eru sjaldnast sambærileg	21
Kostnaður á einingu við rannsóknir	22
Rannsóknir og þróun sem hlutfall íbúa	22
Opinber framlög til rannsókna og þróunar fjárlagagreining.	23
Samkeppnissjóðir	24
Samanburður á skiptingu opinberra fjárveitinga á Norðurlöndum	24
Framleiðni grunnrannsókna.	25
Framleiðni hagnýtra vísinda og þróunar	26
Nýsköpun.	26
Hátæknivörur	27
Sjóðir í umsýslu Rannís	28
Rannsóknasjóður.	28
Tækniþróunarsjóður	29
Tækjasjóður	30
Rannsóknarnámssjóður	31
Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfisrannsókn.	32
Launasjóður fræðiritahöfunda	33
Strafsmenn Rannís	34
Ársreikningur Rannís 2004	36
Viðauki	40
Úthlutun starfslauna úr Launasjóði fræðiritahöfunda fyrir árið 2004.	40
Úthlutun verkefnis- og rannsóknastöðustyrkja úr Rannsóknasjóði 2004	41
Ný verkefni er hlutu styrk úr Rannsóknasjóði 2004	43
Forverkefnisstyrkir, útgáfustyrkir og einkaleyfisstyrkir 2004	45
Úthlutun Öndvegisstyrkja úr Rannsóknasjóði 2004.	46
Úthlutun almennra styrkja úr Rannsóknarnámssjóði 2004.	47
Tækniþróunarsjóður: Studd verkefni 2004.	48
Úthlutun – „Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál“	50

Ávarp forstöðumanns

Það er mér sönn ánægja að fylgja hér úr hlaði yfirliti yfir starf Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, árið 2004. Árið var annað starfsár stofnunarinnar og um leið fyrsta heila starfsárið í nýju stjórnkerfi vísinda, tækni og nýsköpunar. Í yfirliti ársins má glögglega sjá hið margþætta hlutverk Rannís í þessu kerfi þar sem stofnunin er fyrst og fremst framkvæmdaraðili opinberra rannsóknamála á Íslandi, til þjónustu og aðstoðar við stjórnvöld, vísinda- og tæknisamfélagið og þjóðfélagið allt. Starf Rannís byggir á áratuga langri hefð íslenskra rannsóknarráða og tók hún m.a. við framkvæmdahlutverki Rannsóknarráðs Íslands sem lagt var niður. Fjölbreytni og mikilvægi þessa hlutverks í þjóðfélaginu er augljóst af því yfirliti og þeim dæmum sem tíunduð eru á þessum síðum.

Rannís er vettvangur opinberra samkeppnissjóða. Fjárveitingar hins opinbera til rannsókn- og tækniþróunar á Íslandi voru um 1 % af vergri þjóðarframleiðslu árið 2001 og um 1,2% 2003 sem stillir Íslandi í fremstu röð þjóða. Þrátt fyrir hátt hlutfall má ekki gleyma því að þessar upphæðir eru ekki háar á alþjóðlegan mælikvarða og duga ef til vill ekki til að nýta þær aðstæður og þann mannauð sem í boði er til framþróunar íslensks þjóðfélags. Mikilvægt er að virðisauki opinberra fjárfestinga til vísinda, tækni og nýsköpunar sé sem mestur, fjárveitingakerfið þarf að vera skilvirkt, tryggja þarf að möguleikar séu nýttir og gæði háværkuð. Það er viðurkennt að samkeppni um fé til rannsókna og þróunar hvetur til skilvirkni og aukinna gæða samfara verkefnishugsun og árangursviðmiðum. Æskilegt er því að auka þátt samkeppinnar í allri slíkri starfsemi. Í samanburði við grannþjóðir kemur í ljós að fjárveitingar sem fara um opinbera samkeppnissjóði eru hlutfallslega mun lægri hluti af heildinni og um 90% opinberra fjárveitinga eru bein framlög til stofnana og háskólarannsókna. Stefna ríkisstjórnarinnar um tvöföldun samkeppnissjóða á kjörtímabilinu er mikilvæg og lofsverð en full ástæða er til að efla enn frekar samkeppnisþáttinn í opinberri fjármögnun. Hér er ekki síst mikilvægt að verkefnabundnar fjárveitingar í samkeppni séu í hæfilegri fjarlægð frá stjórnvöldum og að brautargengi verkefna miðist við strangar gæðakröfur byggðar á jafningjamati og gagnsæjum vinnureglum. Þetta er forsenda þess að vísinda- og tæknisamfélagið treysti kerfinu. Rannís og sjóðir í vörslu stofnunarinnar tóku við traustu matskerfi sem þróað var á vegum Rannsóknarráðs Íslands. Rannís hefur sem sjálfstæð stofnun mikilvægu hlutverki að gegna með því að standa vörð um þetta fjöregg samkeppnissjóðanna í nánú samstarfi við stjórnir þeirra. Sjóðstjórnnum, fagráðum og ytri matsmönnum er þakkað gott samstarf á árinu.

Í þessari ársskýrslu eru að venju helstu hagtölur vísinda, tækni og nýsköpunar tíundaðar og yfirlit gefið yfir þróun þeirra á undanförunum áratugum. Yfirlit þetta gefur glögga mynd af vexti þessara hagstærða og sérstaklega má sjá að útgjöld íslenskra fyrirtækja til rannsókna hafa aukist verulega. Nú benda tölur úr könnun á útgjöldum ársins 2005 hins vegar til þess að rannsóknamsvif fyrirtækja hafi minnkað og þrátt fyrir stöðugan vöxt opinberrar fjármögnunar, hefur heildarhlutfallið ekki hækkað frá árinu 2001. Fyrir þessu liggja ýmsar ástæður, en þetta gefur ekki síst til kynna hve brothætt hið fámenna íslenska rannsóknsumhverfi er og mikilvægi þess að rannsókn- og nýsköpunarumhverfi fyrirtækjanna sé tryggt og hvetjandi. Rannís gegnir lögboðnu lykilhlutverki við söfnun og miðlun upplýsinga um þær hag-

stærðir sem mæla þennan veruleika. Brýnt er að efla þetta starf þannig að á hverjum tíma sé hægt að ganga að sem gleggstri heildarmynd af samspili fjárfestinga og annarra aðgerða við árangur og afrakstur til skilvirkrar stefnumótunar stjórnvalda. Úttektir á völdum sviðum og framsýnisvinna eru meðal þeirra tækja sem nota má og vil ég sérstaklega hvetja hið stefnumótandi Vísinda- og tækniráð og starfsnefndir þess til samstarfs við Rannís um slík verkefni.



Hans Kristján Guðmundsson.

Eitt af meginhlutverkum Rannís er að hafa umsjón með og taka þátt í alþjóðasamstarfi um vísindi, tækni og nýsköpun. Þetta starf er geysifjölbreytt og nær bæði til útfærslu milliríkjasamninga í umboði stjórnvalda og til samstarfs vísindasamfélaga, rannsóknarráða og annarra systurstofnana Rannís. Sérstaklega ber að nefna rammaáætlanir ESB þar sem framsýnar íslenskar ríkisstjórnir hafa opnað veruleg tækifæri fyrir vísinda- og tæknisamfélagið á Evrópuvettvangi með því að fjárfesta myndarlega í sjóðum ESB. Ljóst er að þessi fjárfesting íslenska ríkisins í tækifærum hefur skapað talsverðan virðisauka í íslenskum rannsóknum þar sem velta vísinda- og tæknisamfélagsins hefur aukist mun meir en líklegt er að sambærilegar fjárfestingar í innlendum sjóðum hefðu skapað. Þessi velgengni er ekki síst lýsandi fyrir afl hins íslenska vísinda- og tæknisamfélags, enda eru um 15% af útgjöldum til rannsókna og þróunarstarfa á Íslandi fjármögnuð erlendis frá. Nú stendur sjöunda rammaáætlun ESB fyrir dyrum með áætluðu verulega auknu fjármagni, m.a. í fyrsta sinn með sérstökum sjóði til grunnrannsókna. Ánægjulegt er að íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir ætlun sinni um áframhaldandi fjárfestingar í nýjum tækifærum. Með þessari áætlun eru boðaðar byltingarkenndar breytingar með áframhaldandi þróun ERA, hins evrópska rannsóknaveitvangs. Hér er á ferðinni aukin áhersla á samvinnu fjármagnseigenda, rannsóknarráða og sjóða með það að markmiði að skapa sameiginlega samkeppnissjóði á völdum sviðum. Rannís tekur þegar þátt í undirbúningi að slíku samstarfi þar sem eru ERA-netin og á norrænum vettvangi má telja m.a. áætlanir um rannsóknaskóla og öndvegissetur. Hér hefur fyrst og fremst Rannsóknasjóður lagt til fjármagn þar sem þess er krafist. Þetta er þó aðeins forboði þess sem í vændum er, þar sem taka þarf stefnumótandi ákvarðanir um eyrnamerkingu fjár til samfjármögnunar. Brýnt er að hið nýja stjórnkerfi vísinda, tækni og nýsköpunar finni sér hentugar leiðir til slíkrar ákvarðanatöku þannig að hagsmuna vísinda- og tæknisamfélagsins sé gætt í hvívetna og tækifæri sköpuð á skilvirkan hátt. Rannís hefur þegar óskað samstarfs við stjórnvöld um mótun slíkra ferla.

Árið 2004 reyndi nokkuð á virkni hins nýja stjórnkerfis og samstarf hinna fjölmörgu eininga þess, Vísinda- og tækniráðs, starfsnefnda þess og ráðuneyta sem að því koma, sjóðstjórna og Rannsóknamiðstöðvarinnar. Það er mitt mat að þrátt fyrir ýmsa hnökra og óskýrar bodleiðir þá sé kerfið á hraðferð til aukinnar skilvirkni og samvinnu og fjölmörg mikilvæg mál hafa verið í umfjöllun og ályktunum ráðsins. Rannís fagnar því og væntir aukins samstarfs á komandi árum.

Hans Kristján Guðmundsson.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís


Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) heyrir undir menntamálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Starfsemi Rannís er skipt á fimm svið; stjórnsýslusvið, rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið, greiningarsvið og upplýsingasvið. Sviðin vinna saman að eftirfarandi meginverkefnum stofnunarinnar:

- Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi.
- Rannís er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu.
- Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan.

Rannís gegnir margþættu hlutverki í stuðningskerfi rannsókna og nýsköpunar sem var endurskoðað árið 2003. Stofnunin er framkvæmdaraðili opinberra rannsóknarmála á Íslandi, til þjónustu og aðstoðar við stjórnvöld, vísinda- og tæknisamfélagið og þjóðfélagið allt. Starf Rannís byggir á áratuga langri hefð íslenskra rannsóknarráða og tók hún m.a. við framkvæmdahlutverki Rannsóknarráðs Íslands sem lagt var niður.

Skipurit Rannís



Samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísindastefnu

Vinnustofur um vísindastefnu

Rannís og ráðuneyti menntamála og iðnaðar boðuðu til þriggja vinnustofufunda um íslenskar rannsóknir. Vinnustofufundum var ætlað að vera vettvangur framúrskarandi vísindamanna og stefnumótandi aðila í þjóðfélaginu. Hver vinnustofa tók á afmörkuðu sviði nýrrar tækni og vísinda þar sem annaðhvort er fyrir öflug starfsemi í landinu eða þar sem líklegt er að miklir möguleikar geti skapast í náinni framtíð og /eða hagsmunir eru í húfi.

Til vinnustofu var boðið fulltrúum frá vísindanefnd og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og fulltrúum í samráðsnefnd ráðuneyta um vísindi og tækni.

Í vinnustofu var einum eða fleiri vísindamönnum sem skarað hafa fram úr boðið að kynna sviðið og leggja grundvöll að umræðu í stofnunni. Leitað var sérstaklega svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvað er að gerast á sviðinu innan lands og utan?
- Hvert stefnir þróunin á alþjóðavettvangi?
- Hver er staða okkar á sviðinu í alþjóðlegum samanburði?
- Hverjir eru möguleikar okkar í alþjóðlegri samkeppni?
- Sé sviðið vænlegt til árangurs, hvaða verkfæri og aðgerðir þarf til að ná besta mögulega árangri?

Fyrsta vinnustofan var um líftækni, hjá Prokaria 16. febrúar, þar sem Jakob Kristjánsson frá Prokaria og Einar Mäntylä frá Orf líftækni höfðu framsögu.

Önnur vinnustofan var 11. mars um jarðvísindi – hafsbotnsrannsóknir og fornvedurfur í Öskju þar sem Bryndís Brandsdóttir á Raunvísindastofnun og Guðrún Helgadóttir á Hafrannsóknastofnun fluttu erindi. Bjarni Richter frá ÍSOR var með erindi um auðlindakannanir á hafsbotni.

Þriðja vinnustofan var haldin 1. apríl um örtækni á Iðntæknistofnun þar sem Ingólfur Þorbjörnsson á Iðntæknistofnun og Sveinn Ólafsson á Raunvísindastofnun voru málshefjendur.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

Rannsóknaping

Samstarf háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs var yfirskrift Rannsóknaping 2004 sem haldið var á Grand Hótel 28. maí. Efnt var til þingsins í samstarfi Rannís, menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, flutti ávarp. Rektorar Háskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands, Páll Skúlason og Stefanía Katrín Karlsdóttir, héldu erindi. Einnig Jóhannes Gíslason, framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarviðs Primex, og Helga Waage, stofnandi og tæknistjóri Hex. Formenn starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs, Hafliði Pétur Gíslason og Hallgrímur Jónasson, gerðu grein fyrir störfum nefndanna.

Hvatningarverðlaun

Á Rannsóknapingi voru veitt Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs, áður Hvatningarverðlaun Rannsóknarráðs Íslands. Þau eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað fram úr og skapi væntingar um framlag í vís-



Hafliði Pétur Gíslason, formaður stjórnar Rannsóknasjóðs, segir frá úthlutun sjóðsins á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsi.



Sveinn Þorgrímsson, formaður stjórnar Tæknipróunarsjóðs, gerir grein fyrir úthlutun sjóðsins á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsi.



Helga Waage, stofnandi og tæknistjóri Hex, nefndi erindi sitt á Rannsóknapingi Frá hugmynd til hagnaðar.

ERA-Net - Ný verkefnaform í rannsóknaráætlunum Evrópusambandsins

Með 6. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins voru settar af stað nýjar tegundir verkefna, svokölluð ERA-Net - verkefni. Þetta verkefnaform er sett upp sem liður í því að gera Evrópu að einu evrópsku rannsóknasvæði. Með þessum verkefnum gefst einstökum löndum tækifæri til að taka þátt í mótun evrópskrar vísindastefnu. Þannig er búið í haginn fyrir endurskipulagningu stuðningskerfis evrópskra rannsókna og uppbyggingu innri markaðar.

Verkefni taka til allra sviða rannsókna og tækni, þ.m.t. rannsóknasviða sem ekki eru studd af 6. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins. Í upphafi munu verkefni snúa að upplýsingaöflun um sjóði og áætlanir þáttökulandanna, samanburði og starfsaðferðum og könnun möguleika á samræmingu og samvinnu milli þeirra. Í kjölfarið verður unnið að stefnumörkun og áætlunum um sameiginlegar aðgerðir sem styðja rannsóknir á tilteknum sviðum þvert á landamæri. Stefnt er að því að slíkar sameiginlegar aðgerðir þáttökulanda verði kostaðar að hluta með fjármagni úr þeirra eigin sjóðum og áætlunum og að hluta með fjármagni úr 7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins, sem taka mun gildi 2007.

Rannís gerðist aðili að nokkrum völdum ERA-Net-verkefnum þar sem talið var að Ísland ætti sérstakra hagsmuna að gæta í rannsóknum og þróun. Á árinu 2004 tók Rannís þátt í eftirtöldum ERA-Net-verkefnum:

PROFORSAFE sem var undirbúningur að viðtæku evrópsku samstarfi aðila í Evrópu sem hafa yfir að ráða opinberum sjóðum sem styrkja rannsókn- og þróunarverkefni á sviði matvælaframleiðslu. Verkefninu lauk á árinu 2004 með tilkomu nýs verkefnis til næstu 5 ára er nefnist **SAFEFOODERA**.

SAFEFOODERA er samstarfsverkefni stofnana í 18 löndum í Evrópu sem hafa umsjá með sjóðum er styrkja matvælarannsóknir. Markmið verkefnisins er að byggja upp rannsóknir á sviði gæða og öryggis matvæla í Evrópu. www.safefoodera.net

ECORD miðar að því að koma á samráðsvettvangi aðila sem ráða yfir opinberum sjóðum er styðja við rannsóknir sem byggja á hafsbotsborunum. Sjá nánar: www.ecord.org

MATERA er 4 ára evrópskt samstarfsverkefni stofnana sem hafa umsjá með sjóðum er styrkja rannsóknir og þróun á sviði efnis- og örtækni. Markmið verkefnisins er að skapa varanlegan evrópskan samstarfsvettvang 15 slíkra stofnana frá 13 Evrópulöndum. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á: <http://projects.tekes.fi/opencms/opencms/Projects/matera>

ERASME er samstarf stofnana sem hafa umsjá með sjóðum sem styrkja rannsókn- og þróunarsamstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja annars vegar og rannsóknastofnana hins vegar. Þátttakendur koma frá 14 löndum í Evrópu. Markmiðið er að þróa nokkur mólél sem nýst gætu sem samstarfsleiðir þáttökusjóðanna til lengri tíma. Nánari upplýsingar um verkefni er að finna á: <http://www.era-sme.net/public/>

NORFACE er samstarf 7 evrópskra stofnana sem styrkja rannsóknir í félagsvísindum. Auk Rannís taka systurstofnanir frá hinum Norðurlöndunum þátt í samstarfinu ásamt stofnunum frá Írlandi og Englandi. Til stendur að stækka hópinn á árinu 2005.

Rannsóknagagnabanki Íslands - RIS

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, opnaði nýja útfærslu af RIS, Rannsóknagagnabanka Íslands, við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöldunni í byrjun febrúar. RIS er safn rannsóknarverkefna sem unnið er að hér á landi og niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna. Að safninu standa Rannsóknamiðstöð Íslands, Háskóli Íslands og Iðntæknistofnun.

Með tilkomu RIS er í fyrsta skipti hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um rannsóknarverkefni á tölvutæku formi. Safnið er gagnvirk á vefnum. Í gegnum heimasíðu RIS er hægt að skrá inn verkefni, niðurstöður og leita í gagnasafninu og nálgast þannig ýmsar upplýsingar rannsókna á Íslandi.

Gagnasafnið felur í sér ítarlegar upplýsingar um rannsóknarverkefni. Helstu þættir sem skráðir eru um hvert verkefni eru heiti þess, markmið, útdráttur og þátttakendur, auk ýmissa tölulegra upplýsinga.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

indastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1987 – í fyrsta sinn á 50 ára afmæli atvinnudeildar Háskóla Íslands. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja vísindamenn til dáða og vekja athygli almennings á gildi rannsókna og starfi vísindamanna. Árlega er auglýst eftir tilnefningum og dómnefnd fyrri verðlaunahafa velur úr þeim. Anna Birna Almarsdóttir dósent við lyfjafræðideild Háskóla Íslands hlaut verðlaunin að þessu sinni, (sjá aðgreinda umfjöllun).

Nýsköpunarþing

Gestir á Nýsköpunarþingi Rannís og Útflutningsráðs þann 5. mars voru vel á annað hundrað. Þingið var haldið á Grand Hótel. Yfirskrift þingsins var: „Hvað verður um þekkingarþorpin?“ Málshöfundur voru Ingvar Kristinsson frá Landsteinum – Streng, Ásgeir Brynjar Torfason frá Háskóla Íslands og Júlíus Birgir Kristinsson frá Orf – líftækni.

Árlegt Nýsköpunarþing Rannís og Útflutningsráðs er haldið til að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru á milli aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu og rannsókna og þekkingaröflunar. Markmið þinganna er að ýta undir skilning manna á samspili vísinda, tækni og þekkingar annarsvegar og vöruþróunar og markaðsstarfi hinsvegar.

Nýsköpunarverðlaun

Nýsköpunarverðlaunin, sem veitt hafa verið á þessum þingum eru veitt fyrirtækjum sem þótt hafa skarað fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu, sem byggð er á rannsóknar- og vísindastarfi og náð hafa árangri á markaði. Lykilorðin eru rannsóknir og vísindastarf, nýsköpun í vöru og þjónustu og árangur á markaði. Fyrirtækið Lyfjaþróun hf. hlaut Nýsköpunarverðlaunin að þessu sinni. Sveinbjörn Gizurarson, stofnandi fyrirtækisins, tók við verðlaununum sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti.



Fyrirtækið Lyfjaþróun hf. hlaut Nýsköpunarverðlaunin. Sveinbjörn Gizurarson, stofnandi fyrirtækisins, tók við verðlaununum úr hendi Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Tækifæri fyrir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag á innlendum vettvangi – umsýsla samkeppnissjóða

Samkeppnissjóðir í vörslu Rannís á árinu 2004 voru: Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Tækjasjóður, Rannsóknarnámssjóður, markáætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfisrannsókna og Launasjóður fræðiritahöfunda.

Umsýslan felur í sér rekstur sjóðanna, kynningar og gerð umsóknareyðublaða, flokkun og skráningu umsókna, skipulag og umsjón með starfi fagráða og sjóðsstjórna, kynningar á úthlutunum, samningagerð og eftirfylgni verkefna.

Fyrsta úthlutun Rannsóknasjóðs, sem tók við hlutverki Vísindasjóðs og Tækni-sjóðs, var kynnt í Þjóðmenningarhúsinu 2. mars. Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 163 verkefna, þar af 74 framhaldsverkefna og 89 nýrra verkefna. Úthlutað var 8 öndvegisstyrkjum, 125 verkefnisstyrkjum, 15 rannsóknastöðustyrkjum og 15 forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkjum. Samtals var úthlutað 381,6 m.kr., þar af 185,4 m.kr. til framhaldsverkefna.

Valin voru nokkur verkefni til að kynna sérstaklega á blaðamannafundinum. Ástríður Pálsdóttir kynnti rannsókn sína um arfgengi heilablæðinga, Kristinn Andersen ræddi um þróun röntgenskynjara hjá Marel; Hannes Jónsson um ný efni til geymslu á vetni; Rögnvaldur Sæmundsson um vöxt og viðgang nýrra tæknifyrirtækja og Gunnþórunn Guðmundsdóttir um ævisöguskrif á síðari hluta 20. aldar.

Tækniþróunarsjóður hóf starfsemi á árinu. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Fyrsta úthlutun sjóðsins var kynnt 16. júní á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu. Stjórn sjóðsins samþykkti 31 verkefni og úthlutað var alls 171,3 m.kr.

Fjögur verkefni voru kynnt sérstaklega á blaðamannafundinum: Kyngreining fiska – Sigríður Hjörleifsdóttir, Prokaria hf.; Flæðisöltun síldarafurða – Sigurjón Arason, Rf; Heilaröskunar- og Alzheimergreiningar með heilaritun – Kristinn Johnsen, Lyfjaþróun hf. og Talað (vél)tungum á Norðurlöndum – Helga Waage, Hex hugbúnaður hf.

Árið 2004 lauk markáætlun um upplýsingatækni og umhverfisrannsóknir. Á

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

árinu vann Rannís að því ásamt vinnuhópi starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs að skilgreina forgangssvið nýrrar markáætlunar sem tæki til árána 2005–2009. Leitað var eftir framsæknum hugmyndum frá vísinda- og tæknisamfélaginu og

bárust 35 hugmyndir. Eftir umfjöllun vinnuhóps og nefnda samþykkti Vísinda- og tækniráð 17. desember að ýta úr vör nýrri markáætlun um erðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni til fimm ára í umsýslu Rannís.

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2004

Dr. Anna Birna Almarsdóttir lyfjafræðingur hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs árið 2004. Verðlaunin voru afhent á Rannsóknþingi sem haldið var á Grand Hótel. Áslaug Helgadóttir, formaður dómnefndar gerði grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin.

Á þriðja tug vísindamanna voru tilnefndir og stóð val dómnefndar milli raunvísinda- og hugvísindamanna af báðum kynjum. Til verðlaunabega er gerð krafa um að viðkomandi hafi lokið formlegu námi, venjulega doktorsprófi, eða hafi aðra sambærilega reynslu. Einnig þarf hann að hafa stundað sjálfstæðar rannsóknir í nokkur ár þannig að ljóst sé á hvaða sviði hann hyggst hasla sér völl og sýnt að hann sé fær um að stýra eigin rannsóknum á því sviði. Lagt er mat á gæði og afköst í rannsóknum út frá ritverkum og er megináhersla lögð á greinar í viðurkenndum og ritdæmdum tímaritum, bækur og bókarkafli í fagbókum og svo einkaleyfi eða einkaleyfaumsóknir þar sem slíkt á við.

Ekki er síður mikilvægt að sú þekking sem viðkomandi hefur aflað með rannsóknum sínum leggi umtalsvert af mörkum til íslensks samfélags, eða hafi stuðlað beint að nýjungum, nýsköpun eða sérstökum nýmælum á Íslandi. Einnig er lagt mat á það hvort viðkomandi hafi unnið brautryðjendastarf, t.d. byggt upp nýtt svið hérlendis eða sýnt sérstaka atorku að öðru leyti.

Anna Birna er fædd árið 1963. Hún lauk prófi í lyfjafræði (Cand. pharm.) frá Háskóla Íslands árið 1988 en stundaði síðan framhaldsnám við lyfjafræðideild háskólans í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum og lauk þaðan meistaraþrófi (M.S.) 1991 og doktorsprófi (Ph.D.) 1994. Anna Birna var lektor við Danmarks Farmaceutisk Højskole 1996-1999 og síðan dósent við sama skóla til ársins 2000. Þá kom hún heim og starfaði sem lyfjafaraldsfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu allt þar til hún var skipuð dósent í stefnumörkun og stjórnun lyfjamála við lyfjafræðideild Háskóla Íslands í ágúst 2002. Anna Birna hefur jafnframt verið aðstoðarfrankvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækisins Al-Bas hf. frá árinu 1996.

Rannsóknir Önnu Birnu hafa einkum tengst lyfjafaraldsfræði og félagslyfjafræði. Hún hefur litið sérstaklega á börn og lyfjanotkun, bæði edli notkunar sem og skilning barnanna sjálfra á notkuninni. Anna Birna hefur einnig unnið að rannsóknum á þjónustu lyfjabúða, bæði edli gæða og kostnaðarþátta í ljósi breyttra reglna og starfsumhverfis. Þessu til viðbótar hefur hún skoðað hvernig gengur að finna lyfjatengd vandamál í apótekum og undirstrikar þar mikilvægi menntaðs starfsfólks lyfjabúða. Anna Birna vinnur nú að viðamiklu rannsóknarverkefni en markmið þess er að meta kostnað og ávinning af nýjum lyfjum á íslenskum markaði. Þar er beitt tímaradagreiningu (lýsandi og rofinni) og leitnigreiningu við úrvinnslu gagna en

unnið er með gögn Tryggingastofnunar um endurgreiðslur svo og gögn um lyfjanotkun frá heilbrigðisráðuneytinu. Verkefnið er fræðilega áhugavert og hefur auk þess þýðingu fyrir opinbera stefnumótun í lyfjamálum. Hefur það beina skírskotun til umræðna sem nú eru ofarlega á baugi í samfélaginu um kostnað ríkisins við lyfjakaup og er þar horft á málið frá sjónarhóli lyfja- og heilsuhagfræði, en segja má að það sé ný nálgun hér á landi.

„Frá því Anna Birna tók við dósentstöðu við lyfjafræðideild Háskóla Íslands hefur hún unnið af

miklum dugnaði að skipulagningu námskeiða á sérsviði sínu. Auk þess hafa fimm nemendur nú þegar öðlast meistaraþrófsgráður undir hennar leiðsögn. Anna Birna hefur verið afkastamikill fræðimaður og hefur frá árinu 1997 birt 21 grein í ritrýndum tímaritum svo og fimm bókarkafli í erlendum fræðiritum. Hún er því verðug þess að verða 19. verðlaunahafi Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs fyrir brautryðjendastarf sitt í rannsóknum á sviði lyfjafaraldsfræði,“ sagði Áslaug Helgadóttir, formaður dómnefndar.



Anna Birna Almarsdóttir, lyfjafræðingur, tekur við Hvatningarverðlaunum Vísinda- og tækniráðs frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

Tækifæri fyrir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag á erlendum vettvangi – alþjóðasamstarf

Rammaáætlun ESB

Eitt af umfangsmestu verkefnum er umsjón með þátttöku Íslands í 6. rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og þróun 2002–2006 í umboði menntamálaráðuneytisins. Í því felst náð samráð við vísindaskrifstofu menntamálaráðuneytisins og starfsmenn ráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel.

Starfsmenn Rannís eru fulltrúar í stjórnarnefndum 6. rá, svo og landstenglar, auk fulltrúa rannsóknastofnana, háskóla og fyrirækja. Rannís fylgist með fundum og störfum stjórnarnefnda rammaáætlunarinnar og sér um skipulagningu kynninga á áætluninni og umsóknarfrestum með sérstökum opnum kynningarfundum, þar sem oft á tíðum eru fulltrúar frá framkvæmdastjórn ESB. Þá aðstoðar Rannís væntanlega íslenska þátttakendur við að finna samstarfsaðila og/eða verkefni í undirbúningi og veita ýmiss konar upplýsingar og ráðgjöf varðandi framkvæmd verkefna í rammaáætluninni.

Rannísblaðið kom í fyrsta sinn út í október. Í blaðinu er fjallað um menntun, rannsóknir og nýsköpun.



Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, ræddi samstarf háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífs á Rannsóknáþingi.

Norrænt samstarf - NOS og NCoE

Vísinda- og rannsóknarráðin á Norðurlöndum hafa með sér samstarf á fjórum helstu fagsviðum grunnvísinda, í svokölluðum NOS-nefndum. Nefndirnar eru þrjár, NOS-HS (á sviði hug- og félagsvísinda), NOS-M (á sviði læknávisinda) og NOS-N (á sviði náttúruvísinda). Rannís á fulltrúa í nefndunum þremur og voru þeir á árinu 2004:

- Prófessor Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kennaraháskóla Íslands, í NOS-HS.
- Dr. Ingileif Jónsdóttir, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, í NOS-M.
- Dr. Gunnlaugur Björnsson, Raunvísindastofnun H.Í., í NOS-N.

Starfsmenn Rannís, Eiríkur Smári Sigurðarson (NOS-HS) og Kristján Kristjánsson (NOS-M og NOS-N), tóku þátt í störfum samstarfsnefndanna árið 2004. Rannís tók að sér skrifstofu NOS-N í upphafi árs 2004 og Kristján Kristjánsson var valinn ritari nefndarinnar.

Undir lok ársins 2001 var samþykkt sameiginleg áætlun Norrænu Ráðherranefndarinnar, NorFA og NOS-N um stuðning við norræn öndvegissetur á sviði hnattrænna breytinga. Fjögur setur fá stuðning í fimm ár (2003-2007). Áætlunin lýtur sérstakri stjórn og er formaður hennar Kristján Kristjánsson. Þau fjögur öndvegissetur sem voru valin eru:

1. Research Unit on Biosphere-Aerosol-Cloud-Climate Interaction (BACCI).
2. Nordic Centre for Studies of Ecosystem Carbon Exchange and its Interaction with Climate System (NECC).
3. The Nordic Centre for Luminescence Research.
4. The Dynamics of Ecological Systems under the Influence of Climate variation (EcoClim).

Íslenskir vísindamenn taka þátt í einu öndvegissetrinu, NECC.

Á árinu 2004 var einnig samþykkt áætlun að tillögu NOS-M um stuðning við norræn öndvegissetur á sviði læknisfræði (e. Molecular Medicine). Þrjú setur hafa verið valin og fá stuðning í fimm ár (2004-2009). Þau þrjú setur sem valin voru eru:

1. Nordic Centre of Excellence for Research in Water Imbalance Related Disorders (WIRED).
2. Nordic Centre of Excellence in Neurodegeneration.
3. Nordic Network of Excellence in Disease Genetics (NoNEDG).

Engin íslensk þátttaka er í þessum öndvegissetrum. Fulltrúi Rannís í stjórn áætlunarinnar er Eiríkur Steingrímsson.

Evrópska vísindastofnunin - ESF

Evrópska vísindastofnunin stuðlar að þróun vísinda með því að koma á tengslum færustu vísindamanna og fjármögnunaraðila til þess að ræða, skipuleggja og hrinda í framkvæmd samevrópskum aðgerðum á sviði vísinda og vísindastofnu. Innan ESF eru starfandi 5 fastanefndir á megin sviðum vísinda. Þær eru:

1. Fastanefnd á sviði læknisfræði (EMRC)
2. Fastanefnd á sviði líf- og umhverfisfræði (LESC)
3. Fastanefnd á sviði eðlis- og verkfræði (PESC)
4. Fastanefnd á sviði hugvísinda (SCH)
5. Fastanefnd á sviði félagsvísinda (SCSS)

Fulltrúar Rannís í fastanefndum ESF árið 2004 voru Ingileif Jónsdóttir í EMRC, Ölgeir Sigmarsson í LESRC, Fjóla Jónsdóttir í PESC, prófessor Guðrún Nordal í SCH og prófessor Hrafnhildur Ragnarsdóttir í SCSS. Prófessor Hafliði Pétur Gíslason er fulltrúi Rannís í framkvæmdaráði ESF. Eiríkur Smári Sigurðarson og Kristján Kristjánsson fara með málefni ESF hjá Rannís.

Upplýsingatækniáætlun ESB - Reykjavíkurlýktunin

Tuttugu og fjórir fulltrúar sautján landa komu saman á Íslandi til vinnufundar um bætt vinnulag upplýsingatækniáætlunarinnar IST og til að vinna með forsendur fyrir þriðju auglýsingu eftir umsóknum. Í lok fundarins var samþykkt sérstök Reykjavíkurlýktun, sem allir 24 fulltrúar undirrituðu, og send var til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Lykilatriði í ályktuninni var þáttur smærri fyrirtækja og hefðbundinna verkefna (STREP). Íslenskir fulltrúar sóttu fundinn ásamt Ebbu Þóru Hvannberg sem á sæti í ISTAG, ráðgjafanefnd framkvæmdastjórnarinnar, um IST.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

Rannís tekur þátt í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum sem tengjast lands-tenglastarfseminni. Dæmi um slíkt verkefni er RURAL-ETI sem er sérstakt áttak til að styðja við þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verkefnum 6. rá á sviði nýstárlegrar uppskeru, framleiðslu á bændabýlum, skógrækt, meðferð úrgangs eða annars sem lýtur að vistkerfi.

Annað dæmi er verkefnið COOREERS, þar sem evrópskir landstengiliðir við 6. rá hafa fengið stuðning til að skapa samstarfsvettvang sín á milli og þróa aðferðir og leiðir til að tengja saman rannsóknaraðila á sviði örtækni.

Norðurlönd hafa aukið samstarf sitt á síðustu árum. Rannís tekur þátt í starfi norræna samstarfsnefnda NOS, samstarfi um öndvegissetur NCoE og samvinnu við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina NICE. Undirbúningur að nýrri norrænni stofnun, Nordforsk, stóð yfir á árinu og tók hún til starfa um áramót. Nordforsk er ætlað í samvinnu við NICE að leggja grunninn að norrænu vísinda- og nýsköpunarsvæði.

Norðurslóðarannsóknir, Evrópska vísindastofnunin ESF, EMBO, EUREKA og COST eru dæmi um annað reglubundið alþjóðasamstarf með þátttöku Rannís.



Breytingar á veðurfari og náttúru, einkum á norðurlöndum, voru ræddar á aðalfundi IGFA sem haldinn var í byrjun október á Grand Hôtel. Samtökin eru alþjóðleg og hafa að meginviðfangsefni að styðja framgang rannsókna á loftslagsbreytingum og náttúruferlum. Rannís var gestgjafi aðalfundarins. Á miðri mynd situr Hans Kr. Guðmundsson, forstöðumaður Rannís, og með honum Uno Svedin, stjórnarformaður IGFA, og Dawn Conway frá CFCA í Kanada.

NORFACE - Era-Net í félagsvísindum

Þann 1. janúar 2004 hófst samstarf 7 evrópskra stofnana sem styrkja rannsóknir í félagsvísindum. Auk Rannís taka systurstofnanir frá hinum Norðurlöndunum þátt í samstarfinu ásamt stofnunum frá Írlandi og Englandi. Til stendur að stækka hópinn á árinu 2005. Samstarfið er styrkt af 6. rammaáætlun ESB (ERA-Net).

Markmið samstarfsins er margþætt. Í því felst meðal annars:

- Að bæta og auka samvinnu um fjármögnun rannsókna og gera vísindamönnum þannig auðveldara að fjármagna samstarfsverkefni sem ganga þvert á landamæri samkeppnissjóða.
- Að deila upplýsingum um reglur og starfsaðferðir, bera þær saman og gagnrýna. Þær reglur og aðferðir sem NORFACE-þátttakendur eru sammála um að séu bestar verði notaðar í samstarfinu og vonandi verður þessi vinna til þess að bæta reglur og starfsaðferðir í hverju landi fyrir sig, þar sem þess er þörf.
- Að standa sameiginlega að fjármögnun rannsóknaverkefna í félagsvísindum.

Þann 26. til 27. október 2004 var NORFACE-ráðstefna um jafningjamat í rannsóknum. Á henni komu saman fræðimenn og fulltrúar stjórnsýslu rannsókna. Írsla rannsóknaráðið í hug- og félagsvísindum stóð fyrir ráðstefnunni, sem var haldin í Dyflinni.

Á vegum Rannís situr prófessor Hrafnhildur Ragnarsdóttir í stjórn NORFACE og var hún varaformaður allt árið. Eiríkur Smári Sigurðarson, Rannís, er stjórnsýslufulltrúi.

Evrópusamstarf á sviði tækni- og iðnþróunar - EUREKA

EUREKA er samstarf 35 Evrópulanda og Evrópusambandsins um tækni- og iðnþróun. Evrópusambandið á sjálfstæða aðild að áætluninni og tekur þátt í samstarfinu með sama hætti og einstök aðildarlönd. EUREKA er því ekki hluti af starfsemi Evrópusambandsins sjálfs. Nýr Tækniþróunarsjóður bætir möguleika á Eureka-samstarfi til muna og var unnið að því á árinu að kynna það. Snæbjörn Kristjánsson er landsfulltrúi Íslands í Eureka-samstarfinu.

Evrópusamstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna - COST

COST er almennur rammi um samstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Innan áætlunarinnar er unnið að samræmingu og samþættingu verkefna á tilteknum sviðum fremur en samvinnu um einstök rannsóknarverkefni. COST-verkefni eru fyrst og fremst til að byggja upp samstarfsnet á ákveðnum rannsóknarsviðum. Snæbjörn Kristjánsson er ásamt Stefáni Baldurssyni í Sendiráði Íslands í Brussel, fulltrúar Íslands í COST-stjórnarnefnd. Á árinu 2004 gerðust eftirtaldir íslenskir aðilar þátttakendur í COST-verkefnum:

Vegagerðin

Water movement in Road Pavement and Embankments
Winter Service Strategies for Increased European Road Safety

Fornleifastofnun Íslands

Understanding pre-industrial structures in rural and mining landscapes (LANDMARKS)

Háskóli Íslands, lyfjafraeðideild

Natural Products as a Source for Discovery, Synthesis, and Application of New Pharmaceuticals

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins

Harmonisation of National Inventories in Europe: Techniques for common reporting

Forests for Recreation and Nature Tourism (FORREC)

Wood Processing Strategy

Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Sustainable low-input cereal production: required varietal characteristics and crop diversity (SUSVAR)

Að auki er Ísland í forystu eftirfarandi verkefnis ásamt Svisslendingum.

Háskóli Íslands, verkfræðideild

Towards the Maturity of IT Usability Evaluation (MAUSE)

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan

Rannís hefur annað hvert ár safnað gögnum um umfang og viðgang rannsókna og þróunar. Stuðst er við aðferðafræði OECD sem gefin hefur verið út í svonefndum Frascati-handbókum um tölfræði rannsókna og þróunar. Rannís aflar gagna um rannsóknir og þróunarstarf hjá þeim sem stunda þá starfsemi, s.s. opinberum rannsóknastofnunum, háskólum og sjálfseignarstofnunum. Árið 2003 var gagna einnig aflað hjá yfir 1.200 fyrirtækjum sem valin voru úr skrá Hagstofu Íslands.

Niðurstöður verða gefnar út árið 2005.

Norræna verkefni FOTON (Foreign Take-Overs in the Nordic Countries) sem fjallar um áhrifin sem verða af fjárfestingum erlendra aðila á hæfni fyrirtækja á Norðurlöndunum til nýsköpunar lauk seint á árinu 2004. Í skýrslunni sem gefin var út í kjölfarið kemur fram að fyrirtæki á Norðurlöndunum, sem eru í eigu erlendra aðila, sýna enga yfirburði þegar kemur að nýsköpun.

Hagstofa Íslands og Rannís áttu í samstarfi um að koma á nýsköpunarkönnun þeirri sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, stóð fyrir í þriðja sinn. Um er að ræða samanburðarhæfa könnun á nýsköpunarstarfi hjá öllum ESB-ríkjum og nokkrum ríkjum sem vinna með þeim, svo sem Íslandi, Noregi og Sviss.

Niðurstöður úr þessari könnun hafa komið víða fram t.d. í EIS-nýsköpunarkvarðanum (European Innovation Scoreboard) og STI (Science, Technology and Innovation) Scoreboard frá OECD. CIS-kannanirnar gefa mikla vitneskju um nýsköpunarstarf þjóða.

Starf Rannís við að svara fyrirspurnum hefur aukist verulega á síðustu árum og má skýra það með aukinni vitund um sköpun og nýtingu á þekkingu í framhaldi af breytingum á kerfi vísinda, tækni og nýsköpunar í landinu. Í yfirliti yfir fyrirspurnir í ár kemur í ljós, öfugt við árið 2003, að flestar fyrirspurnirnar komu frá aðilum innanlands, sérstaklega frá ráðuneytum og stofnunum.

Fyrstu mánuði ársins 2004 var unnið að kortlagningu á umfangi rannsóknarstarfsins á íslenskum rannsóknastofnunum. Farið var til stofnana og aflað samanburðarhæfra upplýsinga. Niðurstöður voru kynntar á vettvangi Vísinda- og tækniráðs.


Hrundið var af stað átaksverkefni sem miðar að því að ná til Íslendinga í framhaldsnámi og þeirra sem stunda rannsóknar- og vísindastörf erlendis. Búin var til skráningarsíða sem vistuð er á heimasíðu Rannís. Þeir sem skrá sig fá sendar upp-

Fleiri konur útskrifast með doktorspróf

Árið 2003 voru konur 40% útskrifaðra doktora en árið 2004 hækkaði þessi tala upp í 46%. Árið 2003 luku 35 doktorsprófi en árið 2004 voru útskrifaðir 37 talsins. Þetta kemur fram í samantekt Rannís fyrir árið 2004 á fjölda útskrifaðra íslenskra doktora.

Árið 2002 var metár en þá luku 48 Íslendingar námi. Lítil breyting er á vali Íslendinga á námslöndum en stærsti hluti íslenskra doktorsnema leggur stund á doktorsnám erlendis. Tæp 40% íslenskra doktorsnema útskrifast frá bandarískum háskólum og um 20% þeirra útskrifast frá háskólum á Norðurlöndunum. Fjölgun hefur orðið á útskriftum frá íslenskum háskólum, þ.e. frá Háskóla Íslands. Árið 2004 útskrifuðust fimm konur og fimm karlar frá Háskóla Íslands, en árið 2003 reyndust þeir vera níu og árið 2002 útskrifuðust sex namar frá HÍ.

Hlutfall útskrifaðra með doktorsgráðu eftir kyni 2000–2004



Heimild: HÍ og Mbl.

Fleiri konur en karlar eru skráðar í doktorsnám á Íslandi. Alls eru 144 skráðir í doktorsnám, sem er mikil aukning frá árinu 2003 þegar 114 voru skráðir í námið. Af þessum 144 eru 60% skráðra konur. Stór hluti kvenna leggur stund á grein innan heilbrigðisvísinda meðan karlar velja flestir raunvísindi. Þessi munur á kynjunum hefur haldist frá árinu 2003.

Árið 2004 luku flestir doktorsnámi í greinum innan raunvísinda en greinar innan heilbrigðisvísinda og félagsvísinda eru einnig vinsælar. Árið 2003 voru karlar þeir einu sem luku raunvísindanámi en árið 2004 voru konur 40% þeirra sem luku doktorsnámi í raunvísindum. Nokkur fækkun hefur átt sér stað á útskriftum innan hugvísinda sem og innan verk- og tæknifræðigreina. Árin 2003 og 2004 útskrifaðist enginn með doktorsgráðu í landbúnaðargreinum.

Árið 2004 var meðalaldur þeirra sem útskrifuðust með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands um 38 ár. Árið 2003 var meðalaldurinn hins vegar nokkuð lægri eða um 34 ár. Meðalaldur kvenna sem útskrifast var um 39 ár en karlarnir voru að jafnaði tæplega 37 ára þegar þeir luku doktorsnámi sínu.

EMBO Sameindalíffræðisamtök Evrópu

Ísland er aðili að Sameindalíffræðisamtökum Evrópu (European Molecular Biology Organization), EMBO. Samtökin veita ýmsa styrki til rannsókna í sameindalíffræði og skyldum greinum. Meðal styrkja eru styrkir til vísindamanna sem starfa í Evrópu og Ísrael til skemmi eða lengri dvalar (allt að 2 ár) við erlendar rannsóknastofnanir á sviði sameindalíffræði. Einnig eru sérstakir styrkir til ungra vísindamanna sem eru að hasla sér völl eftir að hafa starfað sem Postdoctoral Fellow og styrkir vegna gestafyrirlesara á ráðstefnum. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Steingrímsson, rannsóknarprófessor við læknaeild H.Í. en alþjóðasvið Rannís annast kynningu og aðstoð. Sjá nánar á heimasíðu Rannís.

Yfirlit yfir starfsemi Rannís

lýsingar um margvíslega styrkjarmöguleika, hvort sem er í innlendum eða erlend- um sjóðum. Nú þegar hafa um 150 manns skráð sig, vel flestir doktorsnemar við nám erlendis. Frekari úrvinnsla, t.a.m. greining eftir kyni, aldri, námslandi og náms- sviði, er möguleg og gefur hún kost á mun betri upplýsingum um þá Íslendinga sem eru við nám og störf erlendis.

Heimasíða Rannís er m.a. notuð til að koma á framfæri fréttum af verkefnum, um- sóknarfrestum í innlenda og erlenda samkeppnissjóði, tölfraedi vísinda og rann- sókna og ályktunum Vísinda- og tækniráðs.

Haldið var áfram með verkefnið Vísindamaður að láni. Verkefnið gengur út á það að unglíngadeildum grunnskóla er boðið að fá sérfræðing úr rannsóknastofnun í heimsókn til að ræða sérhæft viðfangsefni. Tilgangur Vísindamanns að láni er að glæða áhuga nemenda á raungreinum. Heimsókn sérfræðinga í unglíngadeildir grunnskóla verður vonandi til þess að fleiri nemendur sýni raungreinum áhuga.

Rannís hefur forgöngu um verkefnið og tíu rannsóknastofnanir taka þátt. Alls var boðið upp á 20 vísindamenn að láni og eru heimsóknir þeirra skólum að kostnað- arlausu. Í ár leið verkefnið fyrir verkfall kennara í skólum og því voru heimsóknir ekki eins margar og síðastliðin ár.



Framkvæmdastjóri ESF (European Science Foundation), Bertil Anderson, heimsótti Ísland í lok ágúst til að ræða samstarfið við íslenska vísinda- og fræðimenn. ESF leiðir saman vísindamenn og stoðkerfi rannsókna í Evrópu, m.a. á ráðstefnum sem skipulagðar eru í sam- vinnu við aðildarþjóðir.

Á fundi í Þjóðmenningarhúsinu ræddi Bertil við fasta- fulltrúa Íslands í ESF, fulltrúa í vísinda- og tækninefnd og starfsfólk. Það sjónarmið kom fram á fundinum að ESF væri nauðsynlegt mótvægi við rannsóknáætlanir Evrópusambandsins þar sem ESF legði upp úr frumkvæði vísindamanna á meðan pólitískar áherslur réðu rannsóknáætlunum Evrópusambandsins.

Samstarf á sviði norðurslóðarannsókna

Rannís er aðili að alþjóðlegum samtökum um vísindarannsóknir á norðurslóðum. Helstu samtökin eru IASC og AOSB. Fulltrúar Rannís í þessum samtökum eru Kristján Kristjánsson (IASC-Council), Níels Einarsson, forstöðu- maður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar (IASC-Regional Board) og Steingrímur Jónsson (AOSB). IASC og AOSB halda sameiginlega eina ráðstefnu á ári í samstarfi við önnur samtök, sem kölluð er vísindavika norðurslóða.

Ráðstefnan var haldin á Íslandi 2004, 21. til 28. apríl, og var skipulögð af Rannís í samstarfi við utanríkisráðu- neytið. Eftirfarandi samtök tóku þátt í ráðstefnunni:

1. IASC - International Arctic Science Committee
2. AOSB - Arctic Ocean Science Board
3. FARO - Forum of Arctic Operators
4. EPB - European Polar Board (innan ESF)
5. NPG - Nordic Polar Group
6. NySMAC - Ny-Ålesund Science Manager Committee
7. PAG - Pacific Arctic Group
8. NRF - Northern Research Forum
9. IPA - International Permafrost Association

Ráðstefnan var haldin á Hótel Nordica. Auk aðalfunda ofantalinna samtaka var haldinn, samhliða ráðstefnunni, vísindadagur þar sem kynnt voru ýmis alþjóðleg vísindaverkefni. Einnig var á ráðstefnunni verkefnadagur, sem að þessu sinni fjallaði fyrst og fremst um ACIA-skýrsluna (Arctic Climate Impact Assessment), alþjóðlega ráð- stefnu sem haldin verður í nóvember 2005 og fjallar um áherslur í rannsóknum á norðurslóðum næstu 10-15 árin (ICARP II - 2nd International Conference on Arctic Research Planning) og alþjóða-heimskautarárið (IPY - International Polar Year), sem verður 2007-2008.

Ráðstefnuna sóttu að þessu sinni um 150 manns og sá Kristján Kristjánsson um skipulagningu hennar af hálfu Rannís.

IGFA

Rannís er aðili fyrir Íslands hönd að samstarfsvettvangi rannsóknarráða og sambærilegra stofnana sem sinna fjármögnun rannsókna vegna hnattræna breytinga, IGFA (International Group of Funding Agencies for Global Change Research). Samtökin eru m.a. vettvangur samræðna við forsvarsmenn alþjóðlegra rannsóknáætlana um slíkar rannsóknir. Samtökin héldu árlegan aðalfund sinn í Reykjavík 6. til 9. október 2004, í boði Rannís og var m.a. af hálfu Íslands kynnt norðurslóðasamstarf, vetnisvettvangur og norrænar rannsóknir á kolefnisjafn- vægi. Á fundinum var Hans Kristján Guðmundsson kjörinn annar tveggja varaformanna IGFA, en Margaret Leinen frá National Science Foundation í Bandaríkjunum var kjörin formaður.

Fyrsta tölublað Rannísblaðsins kom út 14. október. Blaðið kemur út sem fylgiblað Morgunblaðsins og gefur svipmyndir af vísindum og rannsóknum á Íslandi. Fyrsta tölublaðið var 28 síður og er ákveðið að gefa út tvö tölublöð á ári.

Kynningarnefnd Rannís og vísinda- og tækninefnda tók til starfa á árinu. Með nefndinni starfa fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Nefndinni er ætlað að sinna kynningu á starfi stoðkerfis vísinda og rannsókna og almennri kynningu á gildi vísinda og nýsköpunar.


Hagtölur rannsókna og þróunar

Rannís gegnir lögboðnu lykilllutverki við söfnun og miðlun hagstærða vísinda, tækni og nýsköpunar enda mikilvægt að á hverjum tíma sé hægt að ganga að sem gleggstri heildarmynd af samspili fjárfestinga og annarra aðgerða við árangur og afrakstur. Skilvirk stefnumótun stjórnvalda hlýtur að byggja á slíkum grunni.

Á árinu 2004 var unnið að könnun á umsvifum stofnana og fyrirtækja í rannsóknum og tækniþróun á árinu 2003. Niðurstöður könnunarinnar eru gefnar út á árinu 2005 og eru þær tölur sem hér eru birtar á grundvelli hennar bráðabirgðatölur.

Útgjöld til rannsókna og þróunar


Hér er sýnd þróun útgjalda til rannsókna og þróunar frá árinu 1985. Útgjöld íslenskra fyrirtækja til rannsókna hafa aukist verulega á tímabilinu. Tölur ársins 2003 benda til þess að rannsóknsumsvif fyrirtækja hafi minnkað og þrátt fyrir stöðugan vöxt opinberra fjármögnunar, hefur heildarhlutfallið ekki hækkað frá árinu 2001. Hlutfall útgjalda til rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu var 2,97% árið 2003 en var um 3,09% árið 2001. Fyrir þessu liggja ýmsar ástæður, m.a. sýna fyrirtæki sem gera upp bókhald sitt í bandarískjádollurum minni fjárfestingu þar sem gengi íslenskrar krónu gagnvart dollar hefur hækkað verulega á tímabilinu 2001 til 2003.



Mynd 1. Útgjöld til rannsókna og þróunar eftir geirum atvinnulífsins í milljónum króna á föstu verðlagi. Hlutfall rannsókna og þróunar (roþ) af vergri landsframleiðslu (vlf) árin 1985 til 2003.

Samanburður á hlutfalli útgjalda til rannsókna og þróunar


Samanburður á þróun útgjalda til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í nokkrum ríkjum OECD leiðir í ljós að Ísland, Svíþjóð og Finnland sýna mesta hækkun. Þessi lönd hafa hæsta fjárfestingu miðað við landsframleiðslu en Japan kemur í humátt á eftir.



Mynd 2. Hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu í nokkrum ríkjum OECD frá 1985 til 2003.

Rannsóknakerfi eru sjaldnast sambærileg

Samanburður á milli landa um rannsóknir og þróun er með þeim annmarka að sjaldnast eru rannsóknakerfi fyllilega sambærileg milli landa. Fyrirtæki í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð standa að baki um og yfir 70% af útgjöldum til rann-




Mynd 3. Hlutfall útgjalda til rannsókna og þróunar árið 2003 og hlutfall heildarútgjalda til rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu á Norðurlöndum.

Hagtölur rannsókna og þróunar

sókna og þróunar. Á Íslandi og í Noregi er þetta hlutfall rúm 55%. Samanburður á hlut rannsóknastofnana og annarra stofnana sem stunda rannsóknir sýnir enn meiri mun. Á Íslandi standa stofnanir fyrir um fjórðungi allra rannsóknáútgjalda. Í hinum löndunum er hlutfallið frá 5–15% af heildinni.

Kostnaður á einingu við rannsóknir


Hefðbundnar mælingar á rannsókn- og þróunarvirkni varpa ljósi á ákveðna þætti rannsókn- og þróunarstarfs. Annar kvarði mælir útgjöld til rannsókna á hvert ársverk við rannsóknir og þróun. Árið 2003 eru útgjöld á ársverk á Íslandi um 7,3 milljónir króna sem er í lægri kantinum í samanburði við Kóreu, Japan og Svíþjóð sem verja mestu fé til rannsókna og þróunar á hvert ársverk. Ísland og Finnland standa þeim að baki.



Mynd 4. Útgjöld til rannsókna og þróunar í nokkrum ríkjum OECD á hvert ársverk við rannsóknir og þróun, á föstu verðlagi ársins 2003.

Rannsóknir og þróun sem hlutfall á íbúa

Sammanburður á útgjöldum til rannsókna og þróunar á hvern íbúa landanna sýnir Íslendinga verja um 80 þúsundum króna á hvert mannsbarn til rannsókna og þróunar. Svíþjóð, Finnland og Bandaríkin verja mestum fjármunum til rannsókna og þróunar samkvæmt þessum kvarða.




Mynd 5. Útgjöld til rannsókna og þróunar í nokkrum ríkjum OECD á hvern íbúa. Fast verðlag árin 1995 til 2003.

Opinber framlög til rannsókna og þróunar - fjárlagagreining

Auk þess að gera rannsókn á útgjöldum og öðrum aðföngum rannsóknaraðila til rannsókna og þróunar gerir Rannís jafnan greiningu á þætti rannsókna í frumvarpi til fjárlaga, fjárlögum og ríkisreikningi. Fjárlagagreiningin er unnin samkvæmt aðferðafræði OECD.

Mynd 6 sýnir þróun á framlögum hins opinbera til rannsókna og þróunar frá árinu 2000 til 2004 samkvæmt fjárlögum. Heildarupphæð ríkisframlags var um 7 milljarðar króna árið 2000 en um 8,5 milljarðar króna árið 2004 hækkan milli þessara ára er því tæp 20%.




Mynd 6. Framlög hins opinbera til rannsókna og þróunar hjá ríkisaðilum, úr fjárlögum, skipt eftir ráðuneytum frá 2000–2004. Fast verðlag 2004.

Hagtölur rannsókna og þróunar

Samkeppnissjóðir


Mynd 7 sýnir þróun hinna opinberu samkeppnissjóða á tíu ára tímabili. Veruleg aukning verður á heildarfjármagni sjóðanna frá árinu 2001 til 2005 með tilkomu Tækniþróunarsjóðs og AVS-sjóðsins á fjárlögum ársins 2004 og aukningu á fjárlögum 2005. Heildarráðstöfunarfé sjóðanna var 1,2 milljarðar króna árið 2003 sem var um 7% af heildarfjárveitingum hins opinbera. Í fjárlögum ársins 2005 er ráðstöfunarfé 1,6 milljarðar króna sem er um 12% af heildarfjárveitingum.



Mynd 7. Ráðstöfunarfé sjóða í vörslu Rannís og annarra samkeppnissjóða sem styðja við rannsóknir og þróun. Tímabilið 1995 til 2005 á föstu verðlagi ársins 2005. Hækkunin á liðnum „Ýmsir aðrir sjóðir“ árið 2005 er vegna aukinna framlaga í Ofanflóðasjóð það ár.

Samanburður á skiptingu opinberra fjárveitinga á Norðurlöndum

Finnland leggur hlutfallslega stóran hluta af opinberum fjárveitingum í hendur umsýsluaðila sem veita fjármunum áfram í rannsóknir. Í Noregi fer einnig verulegur hluti rannsóknarfjár í gegnum umsýsluaðila. Danmörk sker sig úr fyrir hve hátt hlutfall fer beint til háskóla. Ísland og Svíþjóð hafa áþekka skiptingu á milli háskóla, rannsóknastofnana og umsýsluaðila. Til rannsóknastofnana í Svíþjóð teljast m.a. stofnanir á sviði varnarmála. Stærsti hlutinn af fjármagni til útlanda fer í rammaáætlanir Evrópusambandsins. Í Finnlandi er þessi liður ekki talinn fram sérstaklega.



Mynd 8 sýnir skiptingu opinberra framlaga á Norðurlöndum eftir móttakendum.

Framleiðni grunnrannsókna

Ritryndar greinar eru taldar gefa einna besta mynd af virkni grunnrannsókna. Í gagnagrunninum Web of Science er m.a. að finna upplýsingar um birtingu, til-

Röð	Svið	Fjöldi greina	Tilvitnanir	Tilvitnanir á hverja grein
1	Klínísk læknisfræði	857	14.076	16,42
2	Jarðvísindi	414	7.484	18,08
3	Sameindalíffræði og erfðafræði	132	4.132	31,3
4	Plöntu- og dýrafræði	331	1.848	5,58
5	Lyfja- og eiturefnafræði	127	1.504	11,84
6	Líffræði og lífefnafræði	127	1.096	8,63
7	Eðlisfræði	168	1.095	6,52
8	Umhverfisvísindi og vistfræði	104	1.062	10,21
9	Ónæmisfræði	76	1.019	13,41
10	Geðlækningar og sálfræði	143	870	6,08
11	Taugavísindi og hegðun	79	739	9,35
12	Örverufræði	76	729	9,59
13	Félagsvísindi almennt	132	407	3,08
14	Geimvísindi	30	326	10,87
15	Landbúnaðarvísindi	63	324	5,14
16	Verkfræði	78	224	2,87
17	Stærðfræði	65	188	2,89
18	Hagfræði og viðskiptafræði	41	83	2,02
19	Tölvuvísindi	48	78	1,62
20	Þverfaglegt	7	30	4,29

Tafla 1. Fjöldi birtinga, tilvitnanir og tilvitnanir á hverja grein, eftir sviðum eftir íslenska vísindamenn á tímabilinu 1995 til 2005.

Hagtölur rannsókna og þróunar

vitnanir og tilvitnanir í birtar greinar íslenskra vísindamanna á tímabilinu 1993 til 2003. Á þessu tímabili komu út 3.233 greinar sem vitnað var til um 38 þúsund sinnum. Þetta þýðir að meðaltilvitnun á grein var um 11,7 skipti. Tilvitnanir á grein gefur til kynna áhrif hennar í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Ísland er í 8. sæti af 149 ríkjum hvað varðar tíðni birtinga.

Framleiðni hagnýtra vísinda og þróunar

Niðurstöður hagnýtra vísinda og þróunarstarfs eru oft mæld í fjölda einkaleyfa. Íslendingar sækja mest um leyfi til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar (EPO) og til Bandarísku einkaleyfastofnunarinnar (USPTO). Oft eru þetta sömu leyfin eða mjög tengd.


Svið	Hlutfall umsókna
Lyf og skyldar vörur	17,0
Efnistækni	14,8
Tæki af ýmsu tagi	13,8
Landbúnaður, matvæli ofl.	9,8
Mælitækni	8,0
Líftækni	7,0
Byggingar og hliðstætt	6,2
Neysluvörur og tæki	6,2
Matvælatækni, efnafræði	5,0
Upplýsingatækni	4,8
Prenttækni	3,8
Önnur tækni	3,8

Heimild: Verbeek 2004

Tafla 2. Umsóknir til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar um einkaleyfi eftir sviðum árið 2004.

Nýsköpun


Með nýsköpun er átt við nýja eða verulega endurbætta vöru eða þjónustu sem búið er að koma á markað eða nýjar eða verulega bætтар aðferðir sem hafa verið teknar upp innan fyrirtækis. Nýsköpunin byggist á því að nýta niðurstöður nýrrar tækniþróunar, að tengja saman þekktu tækni á nýjan hátt eða á nýtingu annarrar þekkingar sem fyrirtækið hefur aflað sér. Flest fyrirtæki fá hugmyndir að nýsköpun innan fyrirtækisins eða hjá viðskiptavinum eins og sést á mynd 9. Stór fyrirtæki fá hugmyndir frá birgjum en hin minni síður.



Mynd 9. Uppspretta hugmynda að nýsköpun eftir stærð fyrirtækja.

Hátæknivörur

Einn mælikvarði á nýsköpun er útflutningur hátæknivöru. Með hátæknivöru er átt við afurð þar sem a.m.k. 40% af veltu atvinnugreinar er varið til rannsókna og þróunar. Á mynd 10 sést að þótt hlutfall hátækni af heildarútflutningi sé lágt í samanburði við aðrar þjóðir, 3,4% árið 2003 þá hefur verið öflugur vöxtur í sölu hátæknivara frá Íslandi á árabilinu 1992 til 2001, þar sem hlutfallið hefur vaxið um 30% á ári að meðaltali.



Mynd 10. Annars vegar sýnir myndin hlutfall hátækni í útflutningi 2003 og hins vegar þróun útflutningsverðmæta hátæknivöru frá 1992 til 2001.

Sjóðir í umsýslu Rannís

Rannsóknasjóður


Hlutverk sjóðsins er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi, bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Tekjur sjóðsins er framlag úr ríkissjóði og var 415 m.kr. árið 2004. Meginhluti ráðstöfunarfjár sjóðsins fer í styrki til ýmissa rannsóknaverkefna (öndvegisstyrkir, verkefnisstyrkir, rannsóknastöðustyrkir, forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkir). Umsóknarfrestur í sjóðinn fyrir styrkárið 2004 var 1. nóvember 2003 og úthlutun öndvegis-, verkefnis- og rannsóknastöðustyrkja lá fyrir í byrjun febrúar 2004.

Umsóknir í sjóðinn árið 2004 voru alls 399, þar af 75 umsóknir um styrk til framhaldsverkefna (frá Vísindasjóði og Tæknisjóði) og 324 um styrk til nýrra verkefna. Alls bárust 17 umsóknir um öndvegisstyrk, 338 um verkefnisstyrk, 23 um rannsóknastöðustyrk og 21 um forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrk. Sótt var um samtals 1.012,4 m.kr., þar af 809,0 m.kr. til nýrra verkefna.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 163 verkefna, þar af 74 framhaldsverkefna og 89 nýrra verkefna. Úthlutað var 8 öndvegisstyrkjum, 125 verkefnisstyrkjum, 15 rannsóknastöðustyrkjum og 15 forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkjum. Samtals var úthlutað 381,6 m.kr., þar af 185,4 m.kr. til framhaldsverkefna. Veittir voru 9 verkefnisstyrkir til verkefna í samstarfi við Framleiðnisjóð landbúnaðarins og veitti Framleiðnisjóður 12,6 m.kr. til þessarra verkefna.

Rannsóknasjóður 2004 - Nýjar umsóknir og styrkir (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

Styrktegund	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Öndvegisstyrkir	13	4	127,8	33,5	30,8%
Verkefnisstyrkir	277	65	634,3	142,9	23,5%
Rannsóknastöðustyrkir	13	5	36,4	14,0	38,5%
Forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkir	21	15	10,5	5,8	71,4%
Samtals:	324	89	809,0	196,2	27,5%



Rannsóknasjóður 2004 - Hlutfallsleg skipting styrkuppþæðar (allar tegundir styrkja) á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).

Tækniþróunarsjóður


Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tekjur sjóðsins er framlag úr ríkissjóði og var 200 m.kr. árið 2004. Sjóðurinn styður m.a. rannsóknar- og þróunarþætti í framleiðslu vöru og þjónustu, uppbyggingu þekkingar og færni til að fást við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, gerð viðskiptaáætlana, markaðskannana og þróun og smíði sýniseintaka vöru og/eða þjónustu sem ætluð eru til rannsóknar og prófana. Umsóknarfrestur í sjóðinn var 15. febrúar 2004 og úthlutun lá fyrir í lok maí 2004.

Umsóknir í sjóðinn árið 2004, sem var fyrsta starfsár sjóðsins, voru alls 102. Sótt var um samtals 604,4 m.kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 31 verkefnis og úthlutað var alls 171,3 m.kr.

Tækniþróunarsjóður 2004 - Umsóknir og styrkir (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Verkefnisstyrkir samtals:	102	31	604,4	171,3	30,4%



Tækniþróunarsjóður 2004 - Hlutfallsleg skipting styrkuppþæðar á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).

Sjóðir í umsýslu Rannís

Tækjasjóður


Hlutverk sjóðsins er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Tekjur sjóðsins eru fyrst og fremst ákveðið hlutfall af einkaleyfisgjaldi peningahappadrættis Háskóla Íslands. Við úthlutun úr sjóðnum er tekið mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma. Stjórn Rannsóknasjóðs fer með stjórn Tækjasjóðs. Umsóknarfrestur í sjóðinn var 15. janúar 2004 og úthlutun lá fyrir í mars 2004.

Umsóknir í sjóðinn árið 2004 voru alls 63. Sótt var um samtals 349,0 m.kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 45 verkefna og úthlutað var alls 166,5 m.kr.

Tækjasjóður 2004 – Umsóknir og styrkir (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Styrkir samtals:	63	44	349,0	166,5	69,8%



Tækjasjóður 2004 – Hlutfallsleg skipting styrkuppþæðar á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms á grundvelli reglna sem menntamálaráðherra setur. Sjóðurinn veitir efnilegum nemendum sem lokið hafa tilskyldu grunnnámi í háskóla styrki til meistara- eða doktorsnáms. Sjóðurinn veitir tvenns konar styrki:


1. Almennir styrkir: Styrkir til meistara- eða doktorsnáms á öllum fagsviðum.
2. Fyrirtækja- og stofnanastyrkir – FS-styrkir: Styrkir til meistara- eða doktorsnáms sérstaklega ætlaðir til að efla samvinnu milli stofnana, fyrirtækja og háskóla. Fyrirtæki og stofnanir skilgreina fyrirfram hvaða fagsvið skuli styrkja. Styrkurinn verður til við samfjármögnun fyrirtækis/stofnunar og Rannsóknarnámssjóðs.

Umsóknir í sjóðinn árið 2004 voru alls 107, þar af 9 um FS-styrki. Sótt var um alls 150,0 m.kr. (2004–2006).

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 44 verkefna, þar af 7 FS-styrki. Úthlutað var alls 12,5 m.kr. til allt að þriggja ára (2004–2006).

Rannsóknarnámssjóður 2004 – Umsóknir og styrkir (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Styrkir samtals:	107	44	150,0	51,4	41,1%



Rannsóknarnámssjóður – Fjöldi umsókna og styrkja frá upphafi (1995–2004).

Sjóðir í umsýslu Rannís


Markáætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfisrannsóknna

Hlutverk markáætlunarinnar var að efla rannsóknir og þróunarstarf á tveimur sviðum, þ.e. á sviðum upplýsingatækni og umhverfismála í ljósi gildis þeirra fyrir þróun íslensks þjóðfélags. Áætlunin var fyrsta formlega markáætlunin og náði yfir árin 1999–2004. Sérstakur fundur um áætlunina og árangur hennar var haldinn 11. nóvember 2004 þar sem 20 verkefni voru kynnt með framsögu í tveimur málstofum og enn fleiri á spjaldakynningu. Á árinu 2005 verður gerð sérstök úttekt á áætluninni.


Umsóknir í áætlunina 1999–2004 voru alls 226, þar af 148 umsóknir á sviði upplýsingatækni og 78 umsóknir á sviði umhverfisrannsókna. Úthlutað var til 94 verkefna, þar af 65 verkefna á sviði upplýsingatækni og 29 verkefna á sviði umhverfisrannsókna. Sótt var um samtals 1.400 m.kr. og úthlutað var samtals 544 m.kr.

Markáætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfisrannsókna 1999–2004 – Umsóknir og styrkir (Fjöldi umsókna, fjöldi styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

Svið	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Upplýsingatækni	148	65	893,6	324,8	43,9%
Umhverfisrannsóknir	78	29	534,7	219,5	37,2%
Samtals:	226	94	1.428,3	544,3	41,6%



Markáætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfismála 1999–2004 – Hlutfallsleg skipting styrk-
upphæðar í upplýsingatækni á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).



Markáætlun á sviði upplýsingatækni og umhverfismála 1999–2004 – Hlutfallsleg skipting styrk-
upphæðar í umhverfisrannsóknum á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).

Launasjóður fræðiritahöfunda

Hlutverk sjóðsins er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskrar menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Starfslaun eru veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja.

Umsóknir í sjóðinn árið 2004 voru alls 48. Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun starfslauna til 7 verkefna og úthlutað var alls 9,8 m.kr.

Starfsmenn Rannís

Arna Björg Bjarnadóttir

Arna Björg er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hún er landstengiliður í 6. rammaáætlun (rá) Evrópusambandsins á Íslandi og fulltrúi Rannís í evrópskum samstarfsverkefnum.

Áslaug Holm Johnson

Áslaug sér um móttöku og starfar við skrifstofuhald á stjórnsýslusviði.

Eiríkur Smári Sigurðarson

Eiríkur Smári er deildarstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann sér um Rannsóknar-námssjóð og starfar með fagráðum Rann-sóknasjóðs. Eiríkur tekur þátt í norrænu samstarfi NOS og hug- og félagsvísindasamstarfi innan ESF og hefur umsjón með íslenski þátttöku í NORFACE.

Eirný Vals

Eirný er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sem sér um almennan rekstur Rannís og samþættir innra og ytra starf. Hún hefur einnig umsjón með Tækjasjóði.

Elva Brá Aðalsteinsdóttir

Elva Brá er sérfræðingur á greiningarsviði. Hún tekur þátt í innlendum og erlendum verkefnum og úttektum fyrir hönd Rannís sem snúa að rannsóknnum, þróunarstarfi og nýsköpun. Elva Brá hefur umsjón með úrvinnslu á tölfraedi um doktorsmenntun Íslendinga. Hún er jafnréttisfulltrúi Rannís.

Hans Kristján Guðmundsson

Hans Kristján er forstöðumaður Rannís.

Hjördís Hendriksdóttir

Hjördís er sviðsstjóri alþjóðasviðs. Hún er verkefnastjóri landstenglastarfs 6. rá., auk þess að vera sérfræðingur við áætlunina.

Oddur Már Gunnarsson

Oddur Már er deildarstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann hefur daglega umsjón með Tækniþróunarsjóði. Oddur er verkefnisstjóri ERA-Net verkefnisins SAFE-FOODERA, stjórnarnefndarfulltrúi í „Food Quality & Safety – áætlun“ ESB og tengiliður stofnunarinnar við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (NICE).

Kristín Hjartardóttir

Kristín hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.

Kristján Kristjánsson

Kristján er sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs. Hann er jafnframt staðgengill forstöðumanns Rannís. Kristján hefur yfirumsjón með rekstri sjóða í umsýslu Rannís. Hann fer einnig með daglega umsýslu Launasjóðs fræðiritahöfunda.

Páll Vilhjálmsson

Páll er sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs. Hann sér um kynningarmál stofnunarinnar, útgáfur og heimasíðu.

Ragnhildur I. Guðmundsdóttir

Ragnhildur hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.

Svandís Sigvaldadóttir

Svandís hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.

Snæbjörn Kristjánsson

Snæbjörn er deildarverkfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann hefur daglega umsjón með Tækniþróunarsjóði. Snæbjörn er stjórnarnefndarfulltrúi í upplýsingaáætlun ESB, Eureka fulltrúi, COST CSO/CNC fulltrúi í stjórnarnefnd og landstengiliður COST á Íslandi.

Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir

Þorbjörg Valdís er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hún er landstengiliður í 6. rá og fulltrúi Rannís í evrópskum samstarfsverkefnum.

Þorsteinn Brynjar Björnsson

Þorsteinn Brynjar er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hann fer með daglega umsjón Evrópska rannsóknastarforgsins, er landstengiliður í 6. rá og fulltrúi Rannís í evrópskum samstarfsverkefnum.

Þorvaldur Finnbjörnsson

Þorvaldur er sviðsstjóri greiningarsviðs. Hann tekur þátt í verkefnum á sviði greiningar og mats allt frá æðri menntun til viðskipta með hátækni-afurðir. Þorvaldur situr í fjölda nefnda og vinnuhópa og er þátttakandi í netsamstarfi af ýmsu tagi. Hann tekur þátt í norrænu hagfélagsamstarfi, samstarfi innan OECD og ESB.



Arna



Áslaug



Eiríkur



Eirný



Elva



Hans



Ragnhildur



Snæbjörn



Svandís



Þorbjörg



Þorsteinn



Þorvaldur



Hjördís



Kristín



Kristján



Páll



Oddur

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og samkvæmt verkefnasamningi milli menntamálaráðuneytis og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Rannís vinnur að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Verkefnum Rannís má skipta á eftirtalin svið:

- Umsýsla fyrir sjóði.
- Hagtölur, greining og mat.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Kynningarmál.

Skrifstofa Rannís sér um framkvæmd úthlutana og eftirlit með styrkjum úr eftirfarandi sjóðum á árinu 2005:

Rannsóknasjóði, Tækjasjóði, Rannsóknnum og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum, Rannsóknarnámssjóði, Launasjóði fræðiritahöfunda, Tækniþróunarsjóði, Styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur.


Heildarútgjöld Rannsóknamiðstöðvar árið 2004 urðu 143,3 m.kr. og hækkuðu frá 2003 um 19,5 m.kr. Sérstekjur urðu 39,2 m.kr. og lækkuðu um 16,9 m.kr. Tekjuhalli varð af rekstri upp á 1,2 m.kr. Eignir samkvæmt ársreikningi námu alls 79,9 m.kr. Eigið fé í árslok nam 5,9 m.kr.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands og forstöðumaður skrifstofu rannsóknastofnunar atvinnuveganna staðfesta hér með ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. júlí 2005.



Hans Kr. Guðmundsson,
forstöðumaður Rannís.



Hjörtur Björnsson,
forstöðumaður SRA.

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-12. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Rannsóknamiðstöðvar Íslands og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráuka-laga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.


Endurskoðun felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rannsóknamiðstöðvar Íslands á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 18. júlí 2005.



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Brynja Pétursdóttir,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2004

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr.	2004	2005
Tekjur			
Kostnaðarhlutdeild		1.047.224	26.351.624
Framlög frá öðrum		29.206.720	21.415.494
Ýmsar tekjur		5.907.921	5.675.067
	1	36.161.865	53.442.185
Gjöld			
Launagjöld	2	74.223.286	60.843.619
Starfstengdur kostnaður	3	17.129.143	18.246.090
Rekstrarkostnaður	4	27.039.468	23.656.260
Aðkeypt þjónusta	5	11.758.138	8.264.822
Húsnæðiskostnaður	6	9.935.924	9.855.034
Tilfærslur	7	2.179.349	1.725.061
		142.265.308	122.590.886
Eignakaup	8	532.596	993.766
		142.797.904	123.584.652
(Tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur		(106.636.039)	(70.142.467)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9	2.570.146	2.502.573
(Tekjuhalli) fyrir ríkisframlag		(104.065.893)	(67.639.895)
Ríkisframlag		102.900.000	65.400.000
		(1.165.893)	(2.239.895)

Eignir

	Skýr.	2004	2005
Fastafjármunir			
Langtímakröfur	10	42.529.948	39.837.349
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	11	5.405.562	0
Viðskiptakröfur		17.718.028	13.976.735
Handbært fé		14.301.152	3.089.621
		37.424.742	17.066.356
		79.954.690	56.903.705

Eignir alls

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Höfuðstóll í ársbyrjun		7.059.310	9.299.205
(Tekjuhalli) ársins		(1.165.893)	(2.239.895)
Eigið fé	12	5.893.417	7.059.310

Skuldir

Skammtímaskuldir

Ríkissjóður		0	3.353.295
Viðskiptaskuldir		59.412.000	46.298.091
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna erlenda verkefna...		14.476.170	0
Aðrar skammtímaskuldir		173.103	193.010
Skuldir		74.061.273	49.844.395

Eigið fé og skuldir

		79.954.690	56.903.705
--	--	-------------------	-------------------

Úthlutun starfslauna úr Launasjóði fræðiritahöfunda fyrir árið 2004

Rétt til að sækja úr Launasjóði fræðiritahöfunda hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku. Meginhlutverk Launasjóðs fræðiritahöfunda er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskrar menningu. Starfslaun eru veitt til hálfars, eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Þeir sem hljóta starfslaun úr sjóðnum skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaun miðast við núgildandi kjarasamning félags háskólakennara.

Stjórn sjóðsins er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Rannsóknamiðstöð Íslands og annar fulltrúi er tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna. Formaður er skipaður án tilnefningar. Núverandi stjórn sjóðsins skipa:

Ólafur Jónsson, formaður, félagsfræðingur, Fræðsluráði hotel- og matvælagreina.
 Áslaug Helgadóttir, deildarstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Gunnar Karlsson, prófessor, Háskóla Íslands.

